

REGLUR

um útivistartíma barna og unglunga á Akureyri.

1. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, nema þeir séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglunga samkvæmt 1. og 2. gr. um tvær klukkustundir.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal unglingum á aldrinum 13 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þessi undantekningarregla skal túlkuð þannig að unglingur fái framangreinda heimild frá og með 1. janúar árið sem hann verður 14 ára.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 10. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bjarnason.